| | |
|---|---|
| **Kennari:**<br>Kormákur Andri Þórsson<br>Ljiridona Osmani | **Kennslufyrirkomulag:**<br>Kennsla inn í bekk |
| **Tímafjöldi:**<br>2 kennslustundir | **Bekkur:**<br>5. bekkur |

| **Enska** |
|---|
| Tungumál er eitt mikilvægasta tæki mannsins til að orða hugsun sína, afla sér þekkingar og eiga samskipti við aðra. Kunnátta í erlendum tungumálum gegnir mikilvægu hlutverki í vitsmuna þroska nemenda, eykur víðsýni og stuðlar að þroska á öðrum sviðum.<br><br>Samvinna milli landa og heimsálfa eykst stöðugt á öllum sviðum og er mikilvægt að nemendur séu undir slíkt búnir í sínu námi. Kunnátta í erlendum tungumálum er mikilvægur lykill að fræðslu, námi og atvinnutækifærum. Meginmarkmið náms í erlendum tungumálum í grunnskóla er að nemendur geti notfært sér kunnáttu sína til að afla sér þekkingar, eiga samskipti og geta miðlað upplýsingum um sig og umhverfi sitt. |

| **Enska** | | | |
|---|---|---|---|
| Námsþættir: | Námsefni: | Hæfniviðmið<br>*Að nemandi:* | Leiðir: |
| Námshæfni | | – geti sett sér nokkuð raunhæf markmið<br>– geti gert sér nokkra grein fyrir hvar hann stendur í náminu og beitt aðferðum til að skipuleggja sig og bæta þar sem þess gerist þörf<br>– taki þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Hlustun<br>Lestur og lesskilningur<br>Talað mál<br>Ritun | Build up 1<br>Námsleikir<br>Seesaw verkefni frá kennara<br>Verkefni frá kennara | – geti skilið einfalt mál er varðar hann sjálfan og hans nánasta umhverfi þegar talað er skýrt<br>– geti fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu<br>– geti lesið sér til gagns og gamans og skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómstundir og ferðalög<br>– skilji og noti algengustu orðasambönd daglegs máls og viðeigandi kurteisivenjur og kunni aðferðir til að gera sig skiljanlegan, t.d. með látbragði<br>– geti tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf<br>– geti bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum<br>– geti beitt eðlilegum framburði og áherslum<br>– geti fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni<br>– geti í einföldu máli sagt frá og notað lykilorðaforða sem unnið hefur verið með í viðfangsefnum<br>– æfi réttritun algengra orða á ensku sem koma fyrir í námsefninu | Vinnubók<br>Hlustun<br>Leikir<br>Söngur<br>Áhorf af neti |
| **Námsmat:** | Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti. | | |